

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s.

Fundur var haldinn í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands þann 15.sept.2009 kl.16:00 í Hermes á Reyðarfirði og var 3. fundur stjórnar á árinu.

Mætt voru: Þráinn, Halldóra, Svanhvít, Elfa og Sigurbjörn.

Dagskrá:

1. **Ársreikningur 2008.**
2. **Drög að fjárhagsáætlun 2010.**
3. **Önnur mál.**

1. **Ársreikningur 2008**

Sigurbjörn fór yfir ársreikninginn. Í honum kemur fram að tekjur eru kr. 48.052.033,- gjöld kr. 51.520.516.- fjármagnstekjur kr. 2.357.274. Tap ársins er því kr. 1.111.209.- en gert var ráð fyrir kr. 4.600.000 kr. tapi. Handbært fé í lok árs er kr. 20.355.626.- Samþ. að leggja ársreikninginn fyrir aðalfund.

2. **Drög að fjárhagsáætlun 2010**

Gert ráð fyrir 3% lækkun á framlögum aðildarsveitarfélaga. Dregið verður úr dagpeningum, bifreiðarstyrkjum og öðru slíku eins og hægt er. Kaupa þarf þjónustu t.d. af iðjubjálfa og námsráðgjafa þannig að sá liður hækkar eilítið milli ára. Gert er ráð fyrir kr. 5.000.000,- halla á næsta ári. Engar nýjar mannráðningar eru á dagskrá. Ákveðið að hafa næsta fund 29. sept. kl. 16:15. Mönnum í sjálfsveld sett hvort þeir mæti á staðinn eða í síma. Stefnt er að því að halda aðalfund 22. október, kl. 15:00.

3. **Önnur mál**

- a) Bréf um samstarfsverkefni sveitarfélaga á Austurlandi.
Könnun hjá forsvarsmönnum stoðstofnana. Sigurbjörn og Svanhvít svöruðu bréfinu f.h. Skólaskrifstofunnar.
- b) Sigurbjörn sagði frá endurmenntunarnámskeiðum í haust. Það gekk mjög vel og góð þátttaka.
- c) Námskeiðið „Klókir krakkar“ kvíðameðferðarnámskeið fyrir börn 8 – 12 ára og foreldra, er að hefjast núna í september. Orri Smárason og María Huld Ingólfssdóttir, sálfræðingar verða með þetta námskeið.
- d) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitafélaga. Niðurstaða frá undanþágunefnd.
Leiðbeinendum á Austurlandi hefur fækkað um 37% miðað við stöðuna í dag.
- e) Sigurbjörn kynnti samstarfsverkefni með ÞNA, Lesblindudagur 30. okt. Fræðsla o.fl.
- f) Halldóra kom á framfæri beiðni frá náttúrufræðikennurum á haustþingi KSA sl. föstudag. Beiðnin felst í því að „stóra námskeiðið“ næsta haust verði tengt náttúrufræðikennslu.

Ekki fleiri mál rædd. Fundi slitið kl. 17:17.

Halldóra D. Hafþórsdóttir (sign)

Elfa Rúnarsdóttir (sign)

Þráinn Lárusson (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)

Svanhvít Aradóttir (sign)